



## Vinnusmiðja #2 „Tækifæri tengd skapandi greinum á landsbyggð. Nýsköpun eða atvinnuþróun nema hvoru tveggja sé?“

Vinnustofustjórar: Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskóla Íslands og Sigtryggur Magnason, aðstoðarmaður Innviðaráðherra

Ritari: Erna Kaaber, verkefnisstjóri við Háskólann á Bifröst

Markmið vinnusmiðjunnar var að ræða þarfir landsbyggðar fyrir samtal um núverandi stoðkerfi við menningu og nýsköpun og þörf á mótun sameiginlegs skilnings á því hvort stuðningur við menningu og skapandi störf sé atvinnuþróun, menning, nýsköpun eða allt í senn. Rætt var um ólíka aðferðafræði, ferli og stoðkerfi nýsköpunar í menningu og skapandi greinum og hvernig hægt væri að auka getu frumkvöðla og fyrirtækja á landsbyggð til að leiða nýsköpun og stuðla að samkeppnishæfni og sjálfbærni samfélaga. Þá var mikilvægi þess að búa til mælikvarða til að mæla virði nýsköpunarstarfs í þessu samhengi rætt, sem og þróun mælaborðs til að birta gögn (tölfræði) reglubundið sem varpa ljósi á þróun menningarstarfsemi og skapandi greina á landsbyggð.

Nokkrar spurningar mörkuðu umræðuna þó ekki hafi verið tekið tillit til þeirra allra í umræðum. Umræðan hófst á að fjalla um mikilvægi lista og menningarstarfsemi fyrir íbúabyggð. Hún leiddi svo til fleiri spurninga og sumar höfðu verið festar á blað fyrir vinnusmiðjuna.

### 1. Er listalíf mikilvægt aðráttarafi fyrir nýja íbúa á landsbyggð?

Breytingar hafa orðið á því sem áður var þegar liststarfsemi var meira lífstíll eða hálfgerð hippastarfsemi. Í dag tengist slík starfsemi ferðapjónustu með margvíslegum hætti, er orðin atvinnuskapandi og það er hægt að lifa af henni.

Ef listalíf er aðgreint sérstaklega og spurningunni velt upp hvort það dragi að sér íbúa með sama hætti og áður (með tilvísunum í rannsóknir Stefáns Ólafssonar) og auki lífsgæði er hópurinn sammála um að munur sé á menningarlífi í þessu samhengi. Það er mikilvægt fyrir íbúa að hafa tilfinningu fyrir því að það sé framboð af menningu og listum í nágrenni sínu. Fólk vill að það sé framboð hvort heldur sem það sækir listviðburði eða ekki. Landafræðileg lega skiptir máli í þessu samhengi, er nóg að hafa menningarframboð í héraðinu eða þarf það að vera í sveitarfélaginu? Nálægð við Reykjavík getur dregið úr staðbundnu framboði.

### 2. Er munur á stoðkerfi menningar og skapandi greina og stoðkerfum annarra atvinnugreina á landsbyggð og í samanburði við höfuðborgarsvæðið?

Mest sambjöppun í dreifingu opinbers fjármagns er í menningarmálum. Það er minni þrýstingur á að toga menningarfjármögnun til landsbyggðar en t.d. í öðrum málaflokkum. Þetta gæti þó verið sveiflubundið. Sveitarfélög geta verið ákveðið þrýstiafl sem leggur aukna áherslu á fjármögnun menningar og skapandi greina en það verður þá að vera mikilvægari þáttur í stefnumótun þeirra.



Staðsetning stoðkerfis getur einnig haft áhrif á uppbyggingu menningarlífsins - t.d. ef við flytjum Tónlistarmiðstöð á Akureyri þá getur það haft mikil áhrif á uppbyggingu staðbundinnar tónlistarmenningar.

Það getur verið mismunandi eftir sjóðum hvort það er aðgengilegra fyrir fólk að sækja styrki til lista og menningarstarfs eftir búsetu. Það er hátt árangurshlutfall umsækjenda af landsbyggð í Myndlistarsjóði en það er úlfúð vegna úthlutana listamannalauna. Það virðist sem svo að það sé hærra hlutfall þeirra sem eru búsettir erlendis (Berlín) sem fá listamannalaun en hlutfall þeirra sem búsettir eru í landsbyggðum. Fólk kærir sig ekki um að niðurgreiða menningarlíf hinum megin á landinu.

Aukna áherslu þarf á menningu og skapandi greinar innan Byggðastofnunar. Stofnunin hefur umsjón með ákveðnum sjóðum en þar vantar að tengja saman þræði. Miklu gæti breytt að hafa menningarfulltrúa starfandi hjá Byggðastofnun sem gæti auðveldað aðgengi og tengt inn í landshluta. Það er mikilvægt að auka stuðning og aðstoða við umsóknir í erlenda sjóði. Stundum eru verkefni of stór fyrir stuðning frá einstökum landshlutum og þurfa aukið utanumhald. Engir starfsmenn á sviði menningar og skapandi greina eru í starfsliði Byggðastofnunar. Það væri kannski hægt að tengja verkefni saman á milli sjóða og landshluta með auknu samstarfi? Þekking á mati umsókna innan styrktarsjóða skiptir einnig miklu máli og fjölga þarf mælikvörðum í mati á verkefnum. Þeir þurfa að vera samfélagslegir og ekki eingöngu hagrænir.

Uppbyggingasjóður er tvískiptur, annars vegar í stuðning við atvinnuþróun, og hins vegar í menningu. Það kemur fyrir að verkefnum er vísað yfir til atvinnuþróunarsjóðshlutans vegna þess að þau teljast frekar til nýsköpunar en menningarmála. Oftast er meira fjármagn atvinnuþróunarmegin. Það sem þarf stöðugan stuðning og getur ekki orðið efnahagslega sjálfbært er fremur sett menningarmegin. Þá hefur einnig komið fyrir að atvinnuþróunarsjóður hendi umsókn til baka yfir á menningarsjóð. Menningartengd verkefni eiga þannig ekki sama aðgengi í atvinnuþróunarhlutann og önnur atvinnustarfsemi. Menningarstarf sótti áður fé beint í ráðuneyti. Menningarmálin höfðu frekar tengingar inn í ráðuneytin. Með sóknaráætlunum þurfa landshlutar að forgangsraða verkefnum. Staðan er enn sú að litið er á atvinnuþróun sem uppbyggingu á alvöru störfum fyrir alvöru fólk. Það er hins vegar að breytast, þótt hægt sé. Þeir sem hugsa atvinnuþróun þröngt þurfa að vinna í að útvíkka hugsun sína í þessu sambandi. Það er m.a. ástæða þess að Uppbyggingasjóður var tvískiptur í upphafi. Á sínum tíma var ótti við að setja allt fé í einn pott því atvinnuþróun myndi þá hirða allt fjármagn. Aðrar kröfur eru gerðar í styrkveitingum til menningarmála en atvinnuþróunar (nýsköpunar). Listastarf er þó alltaf nýsköpun. Taka máhátíð eins og Eistnaflug sem dæmi. Hún stendur ekki undir sér sem slík og hefur takmarkaða tekjumöguleika en tvinnulífið á Neskaupstað hefur áttað sig á mikilvægi hátíðarinnar fyrir margvíslega atvinnustarfsemi, auknar tekjur o.s.frv.

### **3. Skipta tengsl á milli menningarstarfsemi og ráðandi iðnaðar á landsbyggð máli í þessu sambandi?**

Um allt land eru söfn sem byggja á atvinnuvegum - sbr. Síldarminjasafnið á Siglufirði. Stöndug atvinnustarfsemi í öðrum greinum, líkt og Kaupfélag Skagfirðinga, leggur framlög til menningarmála í



gegnum sérstaka menningarsjóði. Grundartangi var áður með styrki við menningarstarfsemi en hefur verið meira verið að styðja við íþróttastarfsemi síðustu ár. Á Seyðisfirði er grunnurinn að uppbyggingu lista og menningar komin frá samfélaginu sjálfu. Það er hátt menntunarstig í sveitarfélaginu. Hreyfanleiki fólks getur einnig kallað á uppbyggingu, t.d. er Flateyri dæmi um slíkt. Það verður til ákveðin uppbygging en það þarf einhvern tiltekinn hóp fólks (critical mass) til að kveikja frekari þróun.

#### 4. Hvaða mælingar skipta máli til að meta menningarþróun á landsbyggð og er einhver grunnur til í landshlutafélögum eða sveitarfélögum sem nýst gætu til slíks brúks?

Það getur verið miklum erfiðleikum bundið að mæla áhrif lista og menningar. Dæmi er tekið af tónleikum Víkings Heiðars á Héraði þar sem eingöngu mættu um tíu manns. Þrjú þeirra ungmenna sem sátu tónleikana urðu fyrir miklum hughrifum og fóru í framhaldi af því í listnám. Hvernig er hægt að fanga slík áhrif í tölfræði? Einnig hefur verið mikil barátta að fá sveitarfélög til að skilji mikilvægi barnamenningarhátíðarinnar Bras á Austurlandi fyrir samfélagið. Í henni felst mikil uppeldisleg vinna sem skilar árangri sem erfitt er að mæla.

Hvernig meta á einstök menningarverkefni er enn flóknara. Þannig hefur Kvikmyndahátíðin í Borgarnesi skapað tengslanet og viðskiptasambönd sem erfitt er að taka utan um ítölum. Frystiklefinn breytti öllu á Snæfellsnesi en það er erfitt að segja til um hvað það er nákvæmlega og þess vegna erfitt að mæla það. Einhver mælanleg markmið má setja inn í stefnumótun um menningarmál. Byggðastofnun bjó til mælaborð þegar Hagstofan hætti að birta ákveðnar mælingar.

#### 5. Menningartengd ferðaþjónusta

Samfélög eru ekki í kyrrstöðu, þau þróast stöðugt. En ef þú ætlar að selja einhverja vöru, ímynd, þá þarftu að pakka henni inn. Strax daginn eftir er það gærdagurinn sem er til sölu.

Dæmi er tekið af Siglufirði sem er „endurreistur“ þrátt fyrir að hann hafi í reynd aldrei verið svona dásamlegur eins og hann er í dag. Sú mynd er tilbúningur og vöruvæðing ákveðinnar ímyndar fyrir ferðamannaíðnað. Selfoss er annað dæmi um endurskrifun sögunnar. Það er ákveðið konsept í kringum endurbygginguna á „gamla miðbænum“ og þó að það geti verið erfitt að viðurkenna það þá er þessi „endurgerð“ að virka. Dæmin eru um vörumerkjavæðingu - branding - þar sem er verið að búa til svæði fyrir fólk til að koma og upplifa það sem hefur verið hannað.

Staða menningarfulltrúa er oft skorin niður í sparnaðaraðgerðum. Áður var staðan sameinuð í hlutverk menningar- og æskulýðsfulltrúa, eins og er á Selfossi í dag. Með þeim hætti verða menningarfulltrúar meira framkvæmdafulltrúar en þróunarstarfsmenn. Við hrunið var einnig bætt við atvinnuforskeyti. Í dag eru menningarverkefnin orðin meira spennandi en hjá Landshlutasamtökum er ekki lengur starfsheitið menningarfulltrúi.

Listamaður sækir síður um styrki en áður. Of umfangsmikil vinna fylgir því að sækja um og afraksturinn er lítil í flestum tilvikum. Það hefur einnig orðið niðurskurður í Sóknaráætlunum. Framlag til þeirra hefur lækkað á milli ára. Innskýting í Covid fór ekki í menningarmál heldur aðallega í ferðaþjónustu.